



Nordic Music Days Iceland

Norrænir músíkdagar á Íslandi 5–14 október 2006

Norrænir músíkdagar (NMD)

Fagna 118 ára afmæli sínu árið 2006
Hefur verið miðpunktur í Norrænu tónlistarlífi frá 1888
Einn mikilvægasti vettvangur fyrir nýja norræna tónlist
NMD er hátíð Norræna tónskáldaráðsins
Tónskáldafélag Íslands er fulltrúi Íslands í Norræna tónskáldaráðinu.
Aukabátttakendur: Færeyingar – Baltnesku löndin – gestaland
Fer fram í Reykjavík frá 5. – 14. október 2006

Íslenskir flytjendur

Sinfóníuhljómsveit Íslands – EDDA l eftir Jón Leifs frumflutt
CAPUT kammerhópur
Kammersveit Reykjavíkur
Blásarasveit Reykjavíkur
Mótettukórinn undir stjórn Harðar Áskelssonar
ATÓN, kammerhópur ungs fólks
Hamrahlíðarkórinn undir stjórn Þorgerðar Ingólfssdóttur
Flautukór Reykjavíkur
Aðrir hljóðfærahópar og einleikarar

Erlendir flytjendur

Bozzini strengjakvartettinn frá Kanada
Poing frá Noregi
Cikada strengjakvartettinn frá Noregi
Stokkhólm saxófónkvartett frá Svíþjóð
Jan Söderblom frá Finnlandi
David Curtis frá Englandi
Helen Bledsoe frá Þýskalandi
François Laporte frá Kanada
Stefan Östersjö frá Svíþjóð
Cristian Præstholm frá Danmörku
Mikko Luoma frá Finnlandi
o.fl.

Norræn tónskáld – norræn tengsl

Tónverk eftir flest fremstu tónskáld Norðurlanda
Pöntuð ný verk frá NOMUS – fyrir norræna flytjendur

Ballett

Íslenski dansflokkurinn
Dansleikhúsið

Gestaland – norrænt land í vestri – Kanada

Bozzini strengjakvartettinn – tónleikar og masterklassar
Laporte – Sokolov

Erlendir gestir

Þátttakendur
Gagnrýnendur
Almennir “skríbentar” – blaðamenn – fjölmiðlafólk

Útvarpsútsendingar frá Íslandi - RÚV

Útsendingar frá NMD á Íslandi
EBU – Evrópa
Norðurlöndin
Netvarp – alþjóðlegt



Nordic Music Days Iceland

Norrænir músíkdagar á Íslandi 2006

Norrænir músíkdagar (NMD)

Tónlistarhátíðin Norrænir músíkdagar fagnar 118 ára afmæli sínu árið 2006. Hátíðin hefur verið miðpunktur í Norrænu tónlistarlífi en jafnframt verið einn mikilvægasti vettvangur fyrir nýja norræna tónlist. NMD er hátíð Norræna tónskáldaráðsins en í því eiga öll norrænu tónskáldafélögin aðild en Tónskáldafélag Íslands er fulltrúi Íslands í Norræna tónskáldaráðinu. Í gegnum tíðina hafa þó Færeyingar - og nú einnig á síðustu áratugum Baltnesku löndin - verið virkir þátttakendur í hátíðinni. Hátíðin í ár mun fara fram í Reykjavík frá 5. – 14. október. Norrænir músíkdagar í ár er viðamesta hátíð nútímatónlistar hér á landi - frá upphafi landnáms.

Íslenskir flytjendur

Á meðal íslenskra flytjenda eru flestir af fremstu tónlistarmönnum þjóðarinnar. Sinfóníuhljómsveit Íslands mun opna hátíðina með dagskrá norrænna hljómsveitarverka. Þá munu kammerhóparnir CAPUT og Kammersveit Reykjavíkur vera með tónleika, Blásarasveit Reykjavíkur, Mótettukórinn undir stjórn Harðar Áskelssonar, ATÓN, Flautukór Reykjavíkur og fleiri hljóðfærahópar og einleikarar verða með tónleika á hátíðinni. Í lok Norrænna músíkdaga á Íslandi 2006 mun Sinfóníuhljómsveit Íslands frumflytja EDDU I eftir Jón Leifs sem er eitt viðamesta tónverk íslenskra tónbókmennta.

Norræn tónskáld – norræn tengsl

Á Norrænum músíkdögum 2006 á Íslandi verða tónverk eftir flest fremstu tónskáld Norðurlanda flutt. Að auki verða pöntuð ný verk í gegnum norrænu tónlistarsamtökin NOMUS og Tónskáldasjóð Ríkisútvarpsins fyrir norræna flytjendur. Einnig er von á norrænum flytjendum til þess að taka þátt í hátíðinni og má þar nefna kammersveitina Cikada frá Noregi sem hlaut tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs á síðasta ári og Stokkholm saxófónkvartett og en þessir hópar voru tilnefndir til Norrænu tónlistarverðlaunanna. Þá er von á POING! kammerhópnum frá Noregi en hann er skipaður ungu tónlistarfólki sem fer sínar eigin leiðir í tónsköpun og tónlistarflutningi.

Gestaland – norrænt land í vestri

Sú hefð hefur skapast á undanförunum árum að bjóða gestalandi að taka þátt í hátíðinni. Að þessu sinni er það “hálf-norræna” landið Kanada sem verður gestur okkar að þessu sinni. Kammerhópar s.s. kanadíski Bozzini kvartettinn, munu taka þátt í tónleikahaldi ásamt því að kanadísk tónskáld munu kynna kanadíska tónlist á hátíðinni en á sama tíma kynnast norrænni samtímatónlist.

Ballett

Á dagskránni verða tveir ballettsýningar. Pöntuð verða ný ballettverk fyrir tvo íslenska ballett flokka, Íslenska dansflokkinn og Dansleikhúsið sem sérhæfir sig í nútímaleikdansi.

Erlendir gestir

Þá munu fjölmargir erlendir gestir mæta til að taka þátt í hátíðinni og til að fjalla um hana á erlendum vettvangi. Orðstír NMD hefur borist víða í gegnum tíðina enda eru Norræn tónskáld og flytjendur starfandi um víða veröld og hafa hlotið verðskuldaða athygli fyrir framlag sitt til tónlistar á alþjóðlegum vettvangi.

Útvarpsútsendingar frá Íslandi

Í samstarfi við RÚV verður hátíðin hljóðrituð og send út bæði hér á landi og á öllum Norðurlöndum. Þá er verið að undirbúa útsendingar frá NMD á Íslandi á Evrópska efnahagssvæðinu bæði sem beinar útsendingar og sem seinni tíma útsendingar.

Nánari upplýsingar veitir:

Kjartan Ólafsson

Tónskáldafélag Íslands
www.listir.is
netfang: kjol@lhi.is
sími: 8984011